



7. bekkur - námsgrein: DANS- kennari:

- tíma fjöldi:

Námsgögn:**Lykilhæfni:**

Sjálfstæði - Félagsfærni - Samvinna

Grunnþættir

Dans hefur margþætta merkingu í menningarlífi okkar. Hann er mikilvægur hluti af listaflóru landsins, hefur félagslegu- og sögulegu hlutverki að gegna og er að auki órjúfanlegur hluti af hreyfimenningunni. En þótt dansinn hafi mörg og ólík andlit eiga þau það öll sameiginlegt að örva og þroska líkamsvitund, líkamslæsi og hreyfigreind einstaklingsins.

Dansar sem dansaðir eru í félagslegum tilgangi, eins og paradansar, hringdansar og hópansar hafa alltaf verið hluti af daglegu lífi í mismiklu mæli og í mismunandi formi. Dansinn hefur því mikið sögulegt- og menningarlegt gildi og er hluti þeirrar arfleifðar sem hver nemandi ber með sér. Hæfni í félagslegum dögum veitir möguleika á samveru innan ákveðins ramma þar sem þátttakendur geta átt samskipti innan tiltekinna leikreglna. Félagslegt gildi dansins felst ekki síður í möguleikum hans til að brjóta niður múra tengda tungumáli, þroska eða milli kynja. Dans, sem skilgreint og skapandi form, byggir að miklu leyti á samvinnu og er því í sjálfu sér þjálfun í félagslegri færni.



Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum.*
- *Með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur í skólanum. Nemendur sýna hæfni sína í þeim dögum sem kenndir hafa verið á skóla önninni.*
-



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2021-2022

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Gömludansarnir	Grunnþekking í íslenskum gömlum dönsum. Skottís. Ræll.	Verklegr kennsla, 1 kennslustund á viku.	
Hringdansar	Að geta skipt um félaga og dansað við hvern einstakling sem er og saman sem hópur.	Verklegr kennsla, 1 kennslustund á viku	
Latin dansar	Ólíkir taktar sem stuðla að liðleika og hreyfanleika líkamans. Eykur sjálfstæði hvers og eins.	Verklegr kennsla, 1 kennslustund á viku	
Samkvæmisdansar	Unnið og hlustað á ólíka samsetningu í takti. Vals - Enskur vals - Vínar vals	Verklegr kennsla, 1 kennslustund á viku	

ANNARÁÆTLUN



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2021-2022

Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
Vorönn	Stiginn Skottís, Ræll, Partýpolki, Foxtrot, ChaChaCha, Jive, Hringdansar,	Verkleg kennsla	Námsmat fer fram í lok annar	Unnið er mikið með félagsfærni og samskipti nemenda á milli. Taka þarf tillit til hæfileika hvers og eins og markmið tímanna er að allir geti dansað saman.

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.